Náttúrustofa Austurlands

Ársskýrsla 2012

Ritstjóri: Jón Ágúst Jónsson.

Texti: Áslaug Lárusdóttir, Erlín Emma Jóhannsdóttir, Gerður Guðmundsdóttir, Halldór Walter Stefánsson, Jón Ágúst Jónsson, Kristín Ágústsdóttir, Rán Þórarinsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson.

Ljósmyndir: Gerður Guðmundsdóttir, Halldór Walter Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson.

Ljósmynd á forsíðu: Heiðagæsir yfir Þuríðarstaðadal í maí. Mynd: SGÞ.

Ljósmynd innan á kápu: Lundi með æti í Hafnarhólma. Mynd: SGÞ.

Ljósmynd undir efnisyfirliti: Dyrfjöll og Stórurð. Mynd SGÞ.

Prentun: Prentsmiðjan Oddi ehf.

September 2013

Náttúrustofa Austurlands

EFNISYFIRLIT

4 Formáli

5 Um stofuna

6 Mannauður

7 Stiklur úr starfsemi

20 Fjármál

21 Útgáfa og kynning

FORMÁLI

Skýrsla sú sem hér er birt spannar átjánda starfsár Náttúrustofu Austurlands. Markmiðið með útgáfu hennar er að halda til haga og miðla upplýsingum um starfsemi Náttúrustofunnar.

Líkt og undanfarin ár skipuðu rannsóknir í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda stóran sess í starfseminni. Af einstökum viðfangsefnum voru rannsóknir á hreindýrum, fuglum og gróðurfari fyrirferðarmestar. Meðal annarra viðfangsefna má nefna rannsóknir á smádýrum og loftgæðum, eftirlit með friðlýstum svæðum og almenna fræðslu.

Náttúrustofan tók þátt í ýmsum viðburðum á árinu. Má þar nefna alþjóðlega ráðstefnu um heilbrigði hreindýra sem haldin var á Skjöldólfsstöðum. Starfsmenn stofunnar báru veg og vanda af skipulagningu hennar. Einnig var starfsemi Náttúrustofunnar kynnt á Vísindavöku í Reykjavík og vel lukkaðri atvinnulífssýningu á Egilsstöðum. Þá var fertugsafmæli fólkvangs Neskaupstaðar fagnað með viðhöfn.

Engar breytingar urðu á starfsmannahaldi á árinu. Fastráðnir starfsmenn voru átta talsins í tæplega sjö stöðugildum. Auk þess aðstoðuðu fjölmargir einstaklingar Náttúrustofuna, ekki síst við vöktun hreindýra. Eru öllum færðar þakkir fyrir.

Rekstur Náttúrustofunnar gekk sæmilega árið 2012. Heildarrekstrartekjur ársins námu 61,8 millj. kr., samanborið við 57,7 millj. kr. árið 2011. Afkoma af rekstri var neikvæð um 0,6 millj. kr.

Hér hefur verið farið lauslega yfir starfsemi Náttúrustofunnar á síðasta ári. Það er von mín að þeir er skýrsluna lesa verði einhvers vísari um starfsemi ársins.

Jón Ágúst Jónsson

forstöðumaður

Álftavíkurfjall. Mynd: SGÞ

Náttúrustofa Austurlands er rekin af Fjarðabyggð og Fljótsdalshéraði með stuðningi ríkis. Hún var formlega stofnuð 24. júní árið 1995, fyrst allra náttúrustofa. Frumkvæði að stofnun hafði sveitarfélagið Neskaupstaður, nú hluti Fjarðabyggðar. Árið 2008 varð Fljótsdalshérað aðili að rekstrinum. Höfuðstöðvar eru í Neskaupstað og starfsstöð á Egilsstöðum.

Náttúrustofan er þekkingar- og þjónustuaðili sem vinnur að rannsóknum, ráðgjöf og þekkingarmiðlun í tengslum við náttúrufar. Markmið hennar er að efla þekkingu á náttúru Austurlands.

Stofan starfar samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992 og lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994.

Hlutverk Náttúrustofunnar er:

- að stunda vísindarannsóknir
- að veita fræðslu og ráðgjöf
- að annast eftirlit með náttúru Austurlands
- að annast vöktun og rannsóknir á hreindýrum

Stofan er aðili að fræðasetrinu Búlandi í Neskaupstað og Vísindagarðinum á Egilsstöðum. Markmið samstarfsins er að skapa fjölbreytta rannsókna- og fræðslumiðstöð, þannig að úr verði eftirsóknarverður vinnustaður sem laðar að hæft starfsfólk.

Náttúrustofan er aðili að Samtökum náttúrustofa sem hafa það að markmiði að efla fræðslu, samstarf og starfsemi stofanna.

Flórgoði. Mynd: SGÞ

MANNAUÐUR

Stjórn

- *Esther Kjartansdóttir*, ritari.
- *Líneik Anna Sævarsdóttir*, formaður.
- *Valdimar O. Hermannsson*, meðstjórnandi.

Starfsfólk

Á árinu störfuðu átta starfsmenn hjá Náttúrustofunni:

Áslaug Lárusdóttir, skrifstofustjóri, sinnti almennum skrifstofustörfum auk þess að hafa umsjón með heimasíðu, bókasafni, tölvumálum og gagnavörslu.

Erlín Emma Jóhannsdóttir, B.S. líffræðingur, hafði umsjón með vöktun umhverfisþátta við álverið í Reyðarfirði og smádýrarannsóknum. Að auki kom hún að öðrum verkefnum.

Gerður Guðmundsdóttir, M.S. plöntuvistfræðingur, hafði umsjón með gróðurrannsóknum og vöktun fallryks.



Halldór Walter Stefánsson, sérfræðingur, hafði umsjón með vöktun og rannsóknum á fuglum. Tók einnig þátt í hreindýrarannsóknum.

Jón Ágúst Jónsson, M.S. líffræðingur, annaðist daglegan rekstur auk þess að taka þátt í ýmsum verkefnum stofunnar.

Kristín Ágústsdóttir, B.S. landfræðingur, var í námsleyfi. Samhliða því aðstoðaði hún við ýmis verkefni.

Rán Þórarinsdóttir, M.S. líffræðingur, verkstýrði kortlagningu á burðarsvæðum hreindýra, tók þátt í vöktun mófugla og hreindýra og aðstoðaði við önnur verkefni.

Skarphéðinn G. Þórisson, B.S. líffræðingur, hafði yfirumsjón með vöktun og rannsóknum á hreindýrum. Samhliða því kom hann að fugla- og gróðurrannsóknum.

Margir aðrir komu að starfsemi stofunnar. Guðrún Á. Jónsdóttir aðstoðaði við rannsóknir og Sveinn H. Oddson aðstoðaði við tölvumál. Margir aðstoða við vöktun hreindýra og eru þeir helstu taldir upp hér:

- *Eiríkur Skjaldarson*
- *Grétar Karlsson*
- *Halldór Bergsson*
- *Hákon Hansson*
- *Jóhann G. Gunnarsson*
- *Jóhann Óli Einarsson*
- *Jón I. Sigurbjörnsson*
- *Reimar Ásgeirsson*
- *Sigurður Guðjónsson*
- *Skúli H. Benediktsson*
- *Skúli Sveinsson*
- *Sveinn Ingimarsson*
- *Sævar Guðjónsson*

Vöktun hreindýrastofnsins

Frá því snemma árs 2000 hefur Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á íslenska hreindýrastofninum. Markmið vöktunarinnar er að afla gagna um stofninn þannig að hægt sé að veita ábyrga ráðgjöf um veiðiþol, ástand stofnsins og ágang hreindýra. Helstu þættir sem fylgst er með eru dreifing, aldurs- og kynjahlutföll, frjósemi, nýliðun, dánartíðni og líkamlegt ástand dýranna. Gagnasöfnun er að stórum hluta unnin í samvinnu við áhugamenn um hreindýr. Þessi grunnvöktun er sígild og samfelld og breytist lítið milli ára.

Mat á ágangi hreindýra

Árlega metur Náttúrustofa Austurlands ágang hreindýra á einstakar jarðir á Austurlandi og gerir tillögu til Hreindýraráðs og Umhverfisstofnunnar um skiptingu í ágangssvæði. Lagt var til að þau héldust óbreytt frá árinu 2012. Mat á ágangi er eitt af því sem lagt er til grundvallar ákvörðunar um arðsskiptingu. Ágangsmatið byggir á upplýsingum um hagagöngu hreindýra sem safnað er allan ársins hring. Heimamenn og aðrir áhugasamir eru hvattir til að tilkynna um hreindýrahópa og er þátttaka þeirra undirstaðan í þessum vöktunarlið.

Hreindýraveiðikvóti

Náttúrustofa Austurlands vinnur ár hvert tillögu að veiðikvóta byggt á upplýsingum úr vöktun hreindýrastofnsins. Kvótanum er skipt eftir aldri, kyni og veiðisvæðum og tillögur lagðar fyrir Hreindýraráð og Umhverfisstofnun. Tillaga Náttúrustofunnar miðast við að stuðla að sjálfbærri nýtingu stofnsins á skilgreindum veiðisvæðum í samráði við hagsmunaaðila.

Reynt er að viðhalda sambærilegu kynjahlutfalli og fyrirfinnst í stofnum sem ekki er veitt úr, eða um 6 tarfar á hverjar 10 kýr að hausti. Jafnframt er reynt að hafa fjölda dýra á hverju svæði vel innan marka sem talin eru geta valdið álagi á land. Að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar ákveður umhverfisráðherra kvóta fyrir næsta veiðitímabil. Náttúrustofan lagði til að kvótinn yrði 1229 dýr árið 2013.

Hreintarfur í sumarbyrjun í Eiðaþinghá. Mynd: SGÞ

Í lok fengitíma á Jökuldalsheiði, Súlendur í fjarska. Mynd: SGÞ

Rannsókn á hagagöngu hreindýra með hjálp GPS senditækja

Þetta rannsóknaverkefni er meistaraverkefni líffræðings hjá Náttúrustofu Austurlands og er unnið í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Meginmarkmið þess er að auka skilning okkar á hagagöngu hreindýra, afmörkun einstakra hjarða og samskipti á milli þeirra. Megináhersla er lögð á Snæfellshjörð og samskipti hennar við Álftafjarðarhjörð. Hægt er að skoða ferðir dýranna á heimasíðu Náttúrustofunnar. Verkefnið er unnið með styrk frá Landsvirkjun og Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar.

Kortlagning burðarsvæða hreindýra

Náttúrustofa Austurlands hefur unnið að kortlagningu burðarsvæða Snæfellshjarðar fyrir Landsvirkjun frá árinu 2005. Markmiðið með kortlagningu burðarsvæða er að kanna hvort Kárahnjúkavirkjun og framkvæmdir henni tengdar hafi áhrif á burðarsvæði eða framvindu burðar. Snæfellshjörð er samheiti fyrir þau hreindýr sem haldið hafa til á Snæfellsöræfum, Fljótsdalsheiði, Jökuldalsheiði og láglendinu umhverfis þessar heiðar. Dreifing þessara dýra hefur verið að breytast og eru þær breytingar kortlagðar. Færri kýr bera á umræddu svæði og þær sem það gera bera á ólíkum stöðum innan svæðisins milli ára.

Tarfar í Vopnafirði í júlí. Mynd: SGÞ

Hornamælingar

Náttúrustofa Austurlands situr í Hornamælingarnefnd Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum. Nefndin mælir hreindýrskrúnur sem veiðimenn skila inn og gefur stig fyrir stórar og fallegar hreindýrskrúnur. Reimar Ásgeirsson kom þessari nefnd af stað og sér jafnframt um utanumhald verkefnisins. Slíkar nefndir eru starfræktar víða erlendis þar sem veiðar á hyrndum dýrum eiga sér stað. Hornavöxtur hreindýra er með því mesta og fjölbreyttasta sem þekkist meðal hornbera. Hornamæling nýtur vaxandi vinsælda meðal veiðimanna og eykur gildi veiðiupplifunar hjá mörgum.

Umhverfisvöktun í Reyðarfirði

Frá árinu 2004 hefur Náttúrustofan tekið þátt í umhverfisvöktun vegna álvers Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði. Markmið verkefnisins er að fylgjast með áhrifum álversins á gróður, vatn og loftgæði. Árið 2012 tók Náttúrustofan að sér verkefnastjórn yfir vöktun á gróðri og vatni. Verkefnið var unnið í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem sá um efnagreiningar á gróður- og vatnssýnum sem og vöktun loftgæða. Ráðgjafi er Alan W. Davison, prófessor við Newcastle háskóla á Englandi. Árið 2012 var vöktunin með hefðbundnu sniði gróður- og vatnssýnum var safnað reglulega til efnagreininga. Jafnframt var ástand gróðurs metið sjónrænt og fylgst með sjaldgæfum tegundum plantna á svæðinu.

Í Kringilsárrana. Snæfell í baksýn. Mynd: GG

Gróðurvöktun á Vesturöræfum, Kringilsárrana og Fljótsdalsheiði

Náttúrustofan hefur unnið fyrir Landsvirkjun að undirbúningi á vöktun gróðurs á Vesturöræfum, í Kringilsárrana og á Fljótsdalsheiði frá árinu 2006. Markmiðið er að athuga hvort greina megi breytingar á gróðurfari í kjölfar myndunar Hálslóns. Beitt er tveimur aðferðum í verkefninu. Annars vegar er þekja gróðurs metin yfir stór svæði með hjálp gervitunglamynda. Hins vegar er þekja og tegundasamsetning gróðurs metin sjónrænt í föstum mælireitum sem dreift hefur verið um svæðið.

Gróðurvöktun við Kröflu og Þeistareyki

Starfsmenn Náttúrustofu Austurlands aðstoðuðu Náttúrustofu Norðausturlands við að koma á fót vöktun gróðurs við Kröflu og Þeistareyki í tengslum við virkjanaframkvæmdir á svæðinu. Ekki er vitað hvaða áhrif brennisteinn (H2S) hefur á gróður og voru því settir út gróðurreitir á sniðum þar sem fylgst verður með mögulegum gróðurbreytingum. Náttúrustofa Norðausturlands mun fylgja verkefninu eftir.

Uppfok við Hálslón. Mynd: GG

Úttekt vegna deiliskipulags Nýjabæjarlækjar á Fáskrúðsfirði

Að beiðni Fjarðabyggðar gerði Náttúrustofa Austurlands lauslega úttekt á gróðurfari, fuglalífi og jarðmyndunum á deiliskipulagssvæðinu við Nýjabæjarlæk á Fáskrúðsfirði þar sem fyrirhugað er að gera flóðavarnir. Farið var í vettvangsferð í maí 2012 og gerð úttekt á gróðri. Fuglalíf var metið út frá upplýsingum um svæðið og þekkingu heimamanna. Umsögn um jarðmyndanir var gerð út frá heimildum.

Úttekt vegna háspennulínuleiðar á Norður- og Austurlandi

Að beiðni Landsnets gerði Náttúrustofa Austurlands úttekt á gróðurfari vegna fyrirhugaðrar byggingu nýrra 220 kV háspennulína á Norður- og Austurlandi. Annars vegar Hólasandslínu 3 frá fyrirhuguðu tengivirki ofan Akureyrar að fyrirhuguðu tengivirki á Hólasandi í Mývatnssveit og hins vegar Kröflulínu 3 frá tengivirki við Kröflustöð í Mývatnssveit að tengivirki í Fljótsdalsstöð. Vettvangshluta lauk sumarið 2012 og er skýrsla með niðurstöðum rannsóknarinnar væntanleg árið 2013.

Vöktun fallryks við Hálslón, á Brúaröræfum og Fljótsdalshéraði

Á vegum Landsvirkjunar hefur Náttúrustofan í samvinnu við Landsvirkjun og Matís ohf. tekið þátt í mælingum á fallryki þar sem markmiðið er að meta áhrif Hálslóns á rykmistur sem berst frá hálendinu norðan Vatnajökuls yfir Fljótsdalshérað. Settir hafa verið upp 18 mælar sem safna fallryki yfir sumartímann við Hálslón, á Brúaröræfum og í byggð á Fljótsdalshéraði. Athuganir hafa staðið yfir öll sumur frá árinu 2005. Hálslón fylltist fyrst haustið 2007 og frá sumrinu 2008 hefur verið möguleiki á áfoki frá bökkum lónsins fyrri part sumars þegar vatnsstaða í Hálslóni er lág.

Vöktun smádýralífs í Glúmsstaðadalsá

Náttúrustofan fylgdist með smádýralífi í Glúmsstaðadalsá fyrir Landsvirkjun árin 2005 til 2008. Markmiðið var að vakta aukið vatnsrennsli og set í ánni vegna leka um sprungur úr aðrennslisgöngum, bæði ofan árinnar og í ánni sjálfri. Vöktun var haldið áfram árið 2012.

Álkur. Mynd: SGÞ

Vöktun fiðrilda

Náttúrustofan hóf vöktun fiðrilda á Austurlandi árið 2010. Árið 2012 var vöktunin óbreytt frá fyrra ári og voru fiðrildi veidd frá apríl til nóvember í sérstakar ljósgildrur sem eru staðsettar í Neskaupstað, Hallormsstað og Jökuldal. Markmiðið er að nota fiðrildi sem vísihóp til vöktunar á umhverfi. Verkefnið er unnið í nánu samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, aðrar náttúrustofur, Skógrækt ríkisins og Pál Benediktsson bónda á Hákonarstöðum í Jökuldal. Kennarar Nesskóla í Neskaupstað hafa nýtt sér nálægð gildrunnar við skólann og farið með starfsmönnum Náttúrustofunnar með skólahópa í að tæma gildruna og fræðast um fiðrildi í leiðinni.

Vetrarfæða sjófugla

Náttúrustofa Austurlands tók þátt í verkefni sem gengur út á að kanna vetrarfæðu helstu sjófugla á íslenska landgrunninu. Verkefnið er unnið í samstarfi við Háskóla Íslands, Hafrannsóknastofnun, Náttúrustofu Suðurlands, Náttúrustofu Suðvesturlands, Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrustofu Norðausturlands. Verkefnisstjórn er í höndum prófessors Arnþórs Garðarssonar við Háskóla Íslands. Sýnataka fór fram á fjórum stöðum við landið í nóvember. Starfsmenn Náttúrustofunnar sáu um sýnatöku á Austfjörðum. Verkefnið er unnið með styrk frá Veiðikortasjóði.

Siglt á móti sólarupprás í Eskifirði einn nóvembermorgun. Mynd: HWS

STIKLUR ÚR STARFSEMI

Hrygning og lirfuset kræklings

Náttúrustofan tók þátt í verkefni sem styrkt var af Verkefnasjóði Sjávarútvegsins ásamt Náttúrustofu Vestfjarða, Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Suðurnesjum og Biopol. Markmið verkefnisins var að greina hvenær hrygning og lirfuset hefst hjá kræklingi við strendur Íslands. Náttúrustofan sá um úrvinnslu sýna af Austurlandi. Umsjón verkefnisins var í höndum Skelræktunarsamtaka Íslands.

Úttekt á varpdreifingu flórgoða á Héraði

Starfsmenn Náttúrustofunnar tóku þátt í landsúttekt á varpdreifingu flórgoða sem er stýrt af Náttúrustofu Norðausturlands á Húsavík í samvinnu við aðrar náttúrustofur og Náttúrufræðistofnun Íslands. Flórgoðapör voru kortlögð á Héraði.

Landsúttekt á gæsum og álftum

Náttúrustofa Austurlands stóð fyrir talningum á gæsum og álftum á láglendi Íslands í apríl með dyggri aðstoð fuglaáhugafólks, bænda, skotveiðimanna, Náttúrustofu Norðausturlands, Náttúrustofu Vestfjarða, Náttúrustofu Vesturlands, Náttúrustofu Suðvesturlands, Rannsóknaseturs HÍ á Snæfellsnesi, Rannsóknaseturs HÍ á Suðurlandi, Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Hátt í 40 manns tóku þátt í talningunum. Tilgangur talninganna var fyrst og fremst að kanna stærð íslensk/breska grágæsastofnsins að vori. Mikilvægum upplýsingum um dreifingu og beit þessara tegunda var safnað á landsvísu. Þá var varp grágæsa og ungaframleiðsla könnuð í tengslum við talninguna á Austurlandi. Talningarnar voru kostaðar með fé úr Veiðikortasjóði.

Vallanes, Lagarfljót og Snæfell. Mynd: SGÞ

Komið inn til lendingar á Egilsstaðanesi að vorlagi. Mynd: SGÞ

Grágæsarannsóknir

Starfsmaður stofunnar aflaði gagna fyrir grágæsaverkefni Rannsóknasetra Háskóla Íslands á Snæfellsnesi og Suðurlandi sumarið 2012 sem bar heitið „Mynstur í framleiðni grágæsa á landsmælikvarða á Íslandi“. Hreiðra var leitað, egg talin og mæld og síðar um sumarið var ungafjöldi með grágæsapörum talinn. Verkefnið var einnig unnið í öðrum landshlutum til samanburðar. Framhaldsrannsóknir á þessu sviði eru fyrirhugaðar árið 2013.

Vöktun rjúpnastofnsins

Náttúrustofan hefur um árabil aðstoðað Náttúrufræðistofnun Íslands við vöktun rjúpnastofnsins á Austurlandi. Vor hvert er fjöldi óðalsbundinna karra talinn á sömu svæðum. Þannig fæst vísitala sem nota má til að meta breytingar á stofnstærð í tíma og rúmi. Að þessu sinni voru karrar taldir á Hrafnabjörgum og Rangá á Héraði og vegsniði á Úthéraði. Síðsumars var upplýsingum safnað um ungahópa. Einnig tók starfsmaður stofunnar þátt í vísindaveiðum á rjúpu í Þingeyjarsýslu í október.

Rjúpa í Sænautafelli að hausti. Mynd: SGÞ

STIKLUR ÚR STARFSEMI

Úttekt á helsingjavarpi

Helsingjavarp var tekið út á Mýrum í Austur Skaftafellssýslu af starfsmönnum Náttúrustofunnar í maí með talningum á fuglum og hreiðrum. Varpið var kortlagt og helstu ógnir kannaðar. Varpið hefur verið í vexti undanfarin ár og því var talið mikilvægt að gera úttekt á því.

Vöktun fugla á áhrifasvæði Kárahnjúka-virkjunar

Frá árinu 2004 hefur Náttúrustofan tekið þátt í vöktun valinna fuglategunda á Héraði fyrir Landsvirkjun. Markmið verkefnisins er að meta áhrif Kárahnjúkavirkjunar á fuglalíf. Sumarið 2012 voru hávellur taldar á Lagarfljóti og á völdum vötnum á Fljótsdalsheiði. Varpþéttleiki heiðagæsa var metinn á sniðum á Vesturöræfum og ófleygar heiðagæsir voru taldar í júlí á Snæfellsöræfum.

Vöktun mófugla

Starfsmenn Náttúrustofunnar skráðu fjölda fugla á 47 mælipunktum á Úthéraði í tengslum við mófuglavöktun. Um er að ræða punktmælingu þar sem fuglar eru taldir á föstum GPS punktum. Stefnt er að því að fara árlega í þessa punkta og bera saman breytingar í tegundasamsetningu og jafnvel þéttleika milli ára. Vöktunin hefur staðið yfir frá árinu 2007.

Héraðssandur. Mynd: SGÞ

Heiðlóa á Héraðssandi. Mynd: HWS

Fjölmenni sótti afmælishátíð fólkvangs Neskaupstaðar. Mynd: GG

Fertugsafmæli fólkvangs Neskaupstaðar

Náttúrustofan hefur um árabil annast eftirlit og gerð tillagna um úrbætur í fólkvangi Neskaupstaðar og fólkvangi og friðlandi í Hólmanesi fyrir Fjarðabyggð. Árið 2012 varð fólkvangur Neskaupstaðar 40 ára. Af því tilefni var ráðist í að bæta aðgengi og aðkomu að fólkvanginum. Verkefnið var samvinnuverkefni Náttúrustofunnar og Fjarðabyggðar, styrkt af Ferðamálastofu og Samfélagssjóði Alcoa. Nýtt aðkomu- og fræðsluskilti var sett upp við fólkvanginn. Jafnframt voru öll upplýsingaskilti á gönguleiðinni endurnýjuð. Möl var bætt i göngustíg og brýr yfir læki lagfærðar. Þá var settur upp nýr stigi niður í Páskahelli. Í júní var síðan afmælisganga út í fólkvang Neskaupstaðar undir leiðsögn náttúrufræðingsins Hjörleifs Guttormssonar. Fyrir gönguna spilaði blásarasveit Tónskóla Neskaupstaðar á bílastæðinu og ávörp voru flutt þar sem m.a. var farið yfir sögu fólkvangsins. Að göngu lokinni bauð Síldarvinnslan gestum upp á kaffi, kleinur og grillaðar pylsur. Á annað hundrað manns mættu að þessu tilefni og heppnaðist dagurinn í alla staði vel. Öllum þeim sem komu að verkinu og styrktu það eru færðar þakkir.

Í Hólmanes fólkvangi og friðlandi var öllum upplýsingaskiltum skipt út á gönguleið.

Náttúrugripasafnið í Neskaupstað

Náttúrustofan sá um viðhald safngripa og móttöku gesta utan hefðbundins opnunartíma á Náttúrugripasafninu fyrir Fjarðabyggð. Safnið er til húsa að Egilsbraut 2, ásamt Sjóminja- og smiðjumunasafni Jósafats Hinrikssonar og Myndlistasafni Tryggva Ólafssonar. Þar má sjá fjölskrúðugt safn dýra, plantna og steina í skemmtilegri uppsetningu listakonunnar og leikmyndahönnuðarins Unnar Sveinsdóttur. Safnið var opið daglega á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst kl. 13:00 – 17:00. Gestamóttaka var í höndum Félags eldri borgara í Neskaupstað.

Hjörleifur fræðir gesti um fólkvanginn. Mynd: GG

Í lok fengitímans á Fljótsdalsheiði. Mynd: SGÞ

Veiting umhverfisfána

Umhverfisverkefnið Græn- og Bláfáni er rekið af alþjóðlegum samtökum um umhverfismennt, Foundation for Environmental Education (FEE). Landvernd er fulltrúi þeirra hér á landi og hefur Náttúrustofa Austurlands aðstoðað þá við fánaveitingar á starfssvæði stofunnar síðustu ár.

Bláfáninn er veittur þeim smábátahöfnum og baðströndum sem uppfylla ákveðin skilyrði um umhverfisstjórnun, vatnsgæði, öryggismál og umhverfisfræðslu.

Sumarið 2012 afhenti Náttúrustofa Austurlands smábátahöfninni á Borgarfirði eystri bláfána fyrir hönd Landverndar. Er þetta í 10. sinn sem þeir flagga fánanum. Mættu fleiri hafnir á Austurlandi taka sér þá til fyrirmyndar.

Dagur íslenskrar náttúru

Dagur íslenskrar náttúru var haldinn hátíðlegur í annað sinn um allt land sunnudaginn 16. september. Deginum er ætlað að vekja athygli á mikilvægi íslenskrar náttúru. Í tilefni dagsins var Náttúrugripasafnið í Neskaupstað opið. Ennfremur var boðið upp á fjölskyldugöngu á Grænafell í samstarfi ÚÍA, Fjarðabyggðar, Fljótsdalshéraðs og Náttúrustofunnar.

Aðstoð við meistaranema

Á árinu tók Náttúrustofan að sér sýnatöku á brúnþara fyrir meistaranema í líffræði við Háskóla Íslands. Markmið verkefnisins er að mæla magn nokkurra fjölsykra og annarra efna í fjórum tegundum af brúnþara. Sýnatökur fóru fram sex sinnum á þremur stöðum á landinu en Náttúrustofan sá um sýnatökur á Austurlandi.

Gunnhildargerði í Hróarstungu. Mynd: SGÞ

Dagur hinna villtu blóma

Dagur hinna villtu blóma er samnorrænn dagur sem haldinn hefur verið árlega á öllum Norðurlöndunum frá árinu 2004. Þar gefst almenningi kostur á að fara í gönguferð um nágrenni sitt með leiðsögumanni sem fræðir áhugasama um plöntulíf á svæðinu. Hópur áhugafólks um plöntur sem kallar sig Flóruvini hefur umsjón með blómadeginum á Íslandi. Náttúrustofan hefur um árabil aðstoðað Flóruvini við skipulagningu blómadagsins á starfssvæði stofunnar. Í ár rann blómadagurinn upp 17. júní. Annars vegar gengu Erlín Emma Jóhannsdóttir og Gerður Guðmundsdóttir með blómafólki um fólkvanginn í Neskaupstað og hinsvegar Skarphéðinn G. Þórisson með fólki um Miðhúsaskóg við Egilsstaði. Átján manns mættu að þessu sinni og skoðuðu og skráðu tegundir í veðurblíðunni.

Fuglaskoðun í fjarðabotnum

Hinn árlegi fugladagur Ferðafélags Fjarðamanna og Náttúrustofu Austurlands var haldinn í blíðskaparveðri þann 12. maí. Þá var fuglaáhugamönnum á öllum aldri boðið að skoða fuglalíf undir handleiðslu sérfræðinga Náttúrustofunnar á leirum í Norðfirði og Reyðarfirði. Alls mættu 15 manns. Samtals sáust 28 tegundir fugla.

Hjálpleysa Héraðsmegin. Mynd: SGÞ

Horft út Hérað yfir Hróarstungu. Mynd: SGÞ

STIKLUR ÚR STARFSEMI

Fræðsluerindi

Náttúrustofan fær reglulega beiðnir um að halda fræðsluerindi við ýmis tækifæri. Erindin geta verið hluti af lengri fyrirlestraröðum eða námskeiðum en einnig eru oft haldnir stakir fyrirlestrar. Slíkar kynningar geta verið fyrir leikskóla, skóla eða hópa áhugasamra aðila sem biðja um efni. Á árinu voru flutt nokkur slík erindi.

Líkt og undanfarin ár komu nemar úr 10. bekk Nesskóla til Náttúrustofunnar í starfskynningu. Í september kom hópur líffræðinema úr Verkmenntaskóla Austurlands með ýmiss sýni sem þeir höfðu safnað úr Mývatni og Laxá. Nemendurnir nutu aðstoðar starfsfólks stofunnar við að greina sýnin.

Starfsmaður stofunnar tók einnig þátt í kennslu við Háskóla Íslands. Um haustið var starfsemi stofunnar kynnt á Vísindavöku í Reykjavík og atvinnulífssýningu á Egilsstöðum.

Fræðsluerindi Samtaka náttúrustofa

Frá 2007 hafa Samtök náttúrustofa haldið úti reglulegum fræðsluerindum með hjálp fjarfundabúnaðs. Stofurnar skiptast á um að halda erindi í hádegi síðasta fimmtudags hvers vetrarmánaðar, alls um fimm erindi á ári. Þegar best lætur eru hátt í 20 staðir sem móttaka erindin víðs vegar um landið og eru þau öllum opin. Vorið 2012 var utanumhald og skipulag þessara fyrirlestra í umsjón Náttúrustofu Austurlands eins og verið hefur frá haustinu 2008. Frá upphafi eru erindin orðin 29 og rúmlega 40 manns sitja hvert erindi að meðaltali. Efniviður í erindin er sóttur úr öllum áttum. Fræðsluerindin auka þverfaglega þekkingu innan stofanna auk þess að kynna starfsemi þeirra. Frá haustmánuðum 2012 var gert hlé á fræðsluerindum náttúrustofanna um óákveðinn tíma.

Ás í Fellum. Mynd: SGÞ

Alþjóðleg ráðstefna um hreindýr

Náttúrustofa Austurlands sá um alþjóðlega ráðstefnu á vegum Reindeer health assessment group á Skjöldólfsstöðum 23. og 24. ágúst. Hópur sérfræðinga fundaði þar um heilbrigði hreindýra. Þetta var annar fundur hópsins sem var stofnaður í Noregi 2011. Forsvarsmaður hópsins er Norðmaðurinn Carlos G. das Neves en Náttúrustofa Austurlands hafði veg og vanda af skipulagningu fundarins í samstarfi við Carlos.

Náttúrufræðinámskeið

Í samvinnu við Ferðaþjónustuna á Mjóeyri hélt Náttúrustofan námskeið fyrir krakka á aldrinum 8-10 ára á Eskifirði. Markmið námskeiðsins er að kynna krökkunum fjölbreytt lífríki íslenskrar náttúru. Farið var í nokkrar vettvangsferðir. Plöntur og dýr voru skoðuð, velt fyrir sér búsvæðum þeirra og lifnaðarháttum.

Staðarfjall á Borgarfirði eystri. Mynd: SGÞ

Endurmenntun starfsmanna

Vorið 2012 brugðu starfsmenn Náttúrustofunnar sér á námskeið um notkun GPS tækja og forrita sem þeim fylgja. Sveinn H. Oddsson sá um uppsetningu og kennslu námskeiðsins. Kennslan fór fram á Norðfirði með bæði bóklegum og verklegum æfingum.

Á árinu sátu starfsmenn Náttúrustofunnar einnig ýmsar ráðstefnur tengdar starfseminni. Sem dæmi um slíka ráðstefnu má nefna CARMA (Circum Arctic Rangifer Monitoring and Assessment network) ráðstefnu sem haldin var í Vancouver í Kanada. Þetta tengslanet leggur áherslu á vöktun og samvinnu um velferð túndru hreina sem finnast um mestallt norðurhvelið. Náttúrustofan er hluti af þessu tengslaneti.

Fyrirspurnir

Talsvert er um fyrirspurnir og heimsóknir almennings með dýr, steina og plöntur til greiningar. Starfsfólk stofunnar tekur fúslega við öllum slíkum erindum. Ef ekki tekst að greina náttúrugripi á staðnum er þeim komið áfram til annarra sérfræðinga. Árlega berast stofunni einnig formleg erindi til umsagnar, einkum frá umhverfisnefndum sveitarfélaga og Alþingis.

Sem dæmi má nefna að grátrönuvarp var staðfest af starfsmönnum stofunnar eftir að vegfarendur höfðu fundið það á Úthéraði og tilkynnt. Þetta er fyrsta staðfesta varp tegundarinnar hér á landi en grunur um slíkt hefur legið í loftinu um nokkurt skeið þar sem fuglar af þessari tegund hafa verið að sjást víða um land undanfarin ár.

Grátrönufjölskylda á Úthéraði. Mynd: SGÞ

Fyrirtækið Deloitte hf. annast endurskoðun, reikningsskil, skattskil auk bókhalds- og launavinnslu fyrir Náttúrustofu Austurlands.

Samkvæmt ársreikningi Náttúrustofunnar fyrir rekstrarárið 2012 námu heildarrekstrartekjur 61,8 millj. kr. Afkoma af rekstri Náttúrustofunnar var neikvæð um 0,6 millj. kr. og var sú upphæð færð til lækkunar á eigin fé stofunnar. Í árslok 2012 námu eignir Náttúrustofunnar 35,5 millj. kr. og bókfært eigið fé var 26,1 millj. kr.

Frekari upplýsingar um fjárhag Náttúrustofunnar má finna í ársreikningi sem er birtur í sérstakri skýrslu.



Hlutfallsleg skipting gjalda árið 2012.



Yfirlit heildartekna Náttúrustofunnar frá árinu 1999 á verðlagi ársins 2012.

Fjallgarður á milli Vöðlavíkur og Reyðarfjarðar. Mynd: SGÞ

Ritlisti

Berglind Steina Ingvarsdóttir og Erlín Jóhannsdóttir (2012). Líf og fjör á náttúrufræðinámskeiði. Glettingur, 22(1), 27-28.

Erlín Emma Jóhannsdóttir (2012). Áhrif gruggs á vatnalífríki Glúmsstaðadalsár og Hrafnkelsár. Niðurstöður vöktunar 2011. Unnið fyrir Landsvirkjun, LV-2012-064. Náttúrustofa Austurlands, NA-120123, 12 bls.

Erlín E. Jóhannsdóttir (2012). Refaveiðar í fólkvangi Neskaupstaðar. Álitsgerð unnin fyrir Fjarðabyggð. Náttúrustofa Austurlands, 1 bls.

Erlín Emma Jóhannsdóttir, Kristín Ágústsdóttir og Alan W. Davison (2012). Álver Alcoa Fjarðaáls. Umhverfisvöktun í Reyðarfirði 2011. Gróður og yfirborðsvatn. Unnið fyrir HRV. Náttúrustofa Austurlands, NA-120116, 57 bls.

Erlín Emma Jóhannsdóttir, Þorleifur Eiríksson og Böðvar Þórisson (2012). Botndýrarannsóknir vegna fiskeldis í Berufirði 2011. Unnið fyrir HB Granda í samstarfi við Náttúrustofu Vestfjarða, NV nr. 1-12. Náttúrustofa Austurlands, NA-120115, 19 bls.

Gerður Guðmundsdóttir (2012). Kárahnjúkavirkjun. Fallryksmælingar við Hálslón, á Brúaröræfum og í byggð á Fljótsdalshéraði sumarið 2011. Unnið fyrir Landsvirkjun, LV-2012-023. Náttúrustofa Austurlands NA-120117, 14 bls.

Gerður Guðmundsdóttir og Guðrún Áslaug Jónsdóttir (2012). Gróðurvöktun með fjarkönnun. Glettingur, 22(1), 16-19.

Gerður Guðmundsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson (2012). Úttekt vegna deiliskipulags Nýjabæjarlækjar á Fáskrúðsfirði. Umsögn unnin fyrir Fjarðabyggð. Náttúrustofa Austurlands, 4 bls.



Stakkahlíðarhraun. Mynd: SGÞ

ÚTGÁFA OG KYNNING

Halldór Walter Stefánsson (2012). Hávellutalningar á Lagarfljóti og á vötnum í Fljótsdalsheiði 2011. Unnið fyrir Landsvirkjun, LV-2012-036. Náttúrustofa Austurlands, NA-120120, 13 bls.

Halldór Walter Stefánsson (2012). Vöktun skúms á Úthéraði. Úttekt á varpi við Jökulsá á Dal 2011. Unnið fyrir Landsvirkjun, LV-2012-038. Náttúrustofa Austurlands, NA-120119, 10 bls.

Halldór W. Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson (2012). Tillögur að Ramsarsvæðum á Fljótsdalshéraði. Álitsgerð unnin fyrir umhverfis- og náttúruverndarnefnd Fljótsdalshéraðs. Náttúrustofa Austurlands, 3 bls.

Halldór W. Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson (2012). Vöktun heiðagæsa á Snæfellsöræfum 2011. Áhrif Kárahnjúkavirkjunar á heiðagæsir. Unnið fyrir Landsvirkjun, LV-2012-039. Náttúrustofa Austurlands, NA-120122, 20 bls.

Rán Þórarinsdóttir (2012). Kortlagning burðarsvæða hreindýra á áhrifasvæðum Kárahnjúkavirkjunar vorið 2011. Unnið fyrir Landsvirkjun, LV-2012-033. Náttúrustofa Austurlands, NA-120118, 22 bls.

Rán Þórarinsdóttir (ritstj.) (2012). Náttúrustofa Austurlands, ársskýrsla 2011. Náttúrustofa Austurlands, 24 bls.

Rán Þórarinsdóttir og Skarphéðinn Þórisson (2012). Status of the Snæfellsheard of East Iceland. CARMA newsletter number 7, spring 2012.

Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir (2012). Vöktun Náttúrustofu Austurlands 2011 og tillaga um veiðikvóta og ágangssvæði 2012. Náttúrustofa Austurlands, NA -120121, 56 bls.

Fannardalur. Mynd: SGÞ

Erindi

Gerður Guðmundsdóttir (2012). Náttúruvernd. Fyrirlestur fyrir 10. bekk Nesskóla, 13. mars 2012.

Halldór Walter Stefánsson (2012). Kynning á gæsabeitarrannsóknum í Bændahöllinni, 21. maí 2012.

Helgi Guðjónsson, Jón Einar Jónsson, Halldór Walter Stefánsson, Tómas Grétar Gunnarsson (2012). Mynstur í framleiðni grágæsa á landsmælikvarða á Íslandi. Veggspjald kynnt á Haustráðstefnu Vistfræðifélags Íslands 17. nóvember 2012 í Reykjavík.

Rán Þórarinsdóttir (2012). Aldursgreining. Veggspjald á Vísindavöku sem haldin var í Háskólabíói, september 2012.

Rán Þórarinsdóttir (2012). An Introduced Population in an Exploited Ecosystem. Veggspjald á CARMA ráðstefnu í Vancouver, desember 2012.

Rán Þórarinsdóttir (2012). Hópatferli andarunga. Kynning á meistararitgerð Ránar Þórarinsdóttur. Fimmtudags-fyrirlestur SNS í fjarfundarbúnaði frá Þekkingarneti Austurlands við Tjarnarbraut 39e Egilsstöðum, janúar 2012.

Rán Þórarinsdóttir (2012). Hreindýr. Gestafyrirlestur í áfanganum "Vistfræði spendýra" við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, október 2012.

Rán Þórarinsdóttir (2012). Kynning á Náttúrustofu Austurlands. Gestafyrirlestur í áfanganum "Lífríki Íslands" við Menntaskólann á Egilsstöðum, apríl 2012.

Hrafn við Gljúfrabjörg. Mynd: HWS

ÚTGÁFA OG KYNNING

Rán Þórarinsdóttir (2012). Náttúrustofa Austurlands. Veggspjald á atvinnulífssýningu sem haldin var í Grunnskóla Egilsstaða í ágúst 2012.

Rán Þórarinsdóttir (2012). Reindeer in Iceland, Adaptations and threats. Fyrirlestur á Rangifer Health ráðstefnu sem haldin var á Skjöldólfsstöðum, ágúst 2012.

Skarphéðinn G. Þórisson (2012). Fuglar á Fljótsdalshéraði og nágrenni. Hallormsstaðaskóli, 27. nóvember 2012.

Skarphéðinn G. Þórisson (2012). Fræðsla í fjölskyldugöngu UÍA á Grænafell í samstarfi við Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað og Náttúrustofu Austurlands, 16. september 2012.

Skarphéðinn G. Þórisson (2012). Hreindýr á Norðausturlandi. Kynning fyrir heimamenn. Þórshöfn, 11. apríl 2012.

Skarphéðinn G. Þórisson (2012). Hreindýrin 2011-2012. Kynning fyrir sveitastjórn Fljótsdals. Végarður í Fljótsdal, 3. apríl 2012.

Skarphéðinn G. Þórisson (2012). Íslenskir fuglar. Egilsstaðaskóli haust 2012.

Skarphéðinn G. Þórisson (2012). Reindeer in Iceland - History - Monitoring. Rangifer Health Network meeting in Iceland 22nd-25th August 2012. Skjöldólfsstöðum, 23. ágúst 2012.

Skarphéðinn G. Þórisson (2012). Reindeer presentation for Tomas Willebrand and students from Evenstad 9th June 2012.

Skarphéðinn G. Þórisson (2012). Vöktun Náttúrustofu Austurlands á veiðistofnum á austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs. Veiðar á víðernum norðan Vatnajökuls. Opið málþing um veiðar á austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs 17. mars á Hótel Héraði á Egilsstöðum.



Hjálpleysa. Mynd: SGÞ

NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

AÐALSKRIFSTOFA
Mýrargata 10
740 Neskaupstaður
Sími: 477 1774
Fax: 477 1923
Heimasíða: www.na.is
Netfang: na@na.is

ÚTIBÚ
Tjarnarbraut 39
700 Egilsstaðir
Sími: 471 2813 / 471 2774